

Ágætu sveitungar !

Í ár verða göngur og réttir óhjákvæmilega með öðru sniði en venjulega vegna Covid-19 faraldursins.

Við höfum verið heppin það sem af er “annarri bylgju” faraldursins, þar sem lítið hefur verið um smit í okkar héraði. Það getur hinsvegar breyst á svipstundu, eins fljótt og veður breytast á heiðum og við lent í vondum málum ef ekki er haldið rétt á spilunum. Á landsvísu er töluvert um smit og veiran getur dúkkað upp hvar sem er. Við erum vel þess minnug hvernig ástandið var hér í vetur og viljum forðast að slíkt endurtaki sig.

Það væri slæmt ef upp kæmi smit í tengslum við göngur og réttir og viðbúið að fjöldi bænda og smala gætu lent í sóttkví eða einangrun, eða jafnvel veikst alvarlega. Slíkt gæti haft alvarlegar afleiðingar á mikilvæg hauststörf bænda og sett allt úr skorðum ef þeir yrðu frá vinnu svo vikum skipti.

Landlæknisembættið hefur í samvinnu við bændasamtök og sveitarfélög gefið út leiðbeiningar vegna gangna og rétta vegna COVID-19 til að draga úr hættu á smiti og hafa fjallskilaneindir og sveitarfélagið lagt sig fram við að skipuleggja göngur og réttir í samræmi við þær leiðbeiningar með sóttvarnir að leiðarljósi. Það mikilvægasta er hinsvegar það sem við gerum sjálf, hvert og eitt og það er á okkar eigin ábyrgð að forðast og koma í veg fyrir smit.

Sem umdæmissóttvarnarlæknir hvet ég alla sem að þessu verkefni koma til að kynna sér þessar leiðbeiningar og fylgja að bestu getu til að tryggja eigin smitvarnir og annarra.

- Allir gangnamenn ættu að sýna sérstaka aðgát m.t.t smitvarna og forðast fjölmenni vikuna fyrir göngur.
- Ef þú hefur einkenni sem gæti verið Covid smit, hafðu strax samband við heilsugæsluna eða lækni. Ekki mæta í göngur eða réttir.
- Hafðu með þér handspritt og sprittaðu þig vel að utan, EKKI AÐ INNAN. Slepptu áfengi þetta árið, það slævir dómgreind og eykur hættuna á slysum og smitum. Það koma göngur og réttir aftur að ári.
- Haltu ávallt 2ja metra, eða 2ja kinda reglu eins og hægt er, nota annars andlitsgrímur og skipta um reglulega. Sprittaðu þig ef þú snertir sameiginlega snertifleti.
- Vertu með smitrakkningarappið í símanum þínum. Það getur skipt sköpum við rakningu smita.

Stöndum saman að þessu verkefni öll sem eitt. Það er til mikils að vinna að koma í veg fyrir nýtt Covid-19 smit í okkar samfélag.

Bestu kveðjur

Geir Karlsson, yfirlæknir

HVE Hvammstanga